



FIMMTUDAGUR 4. MARS 2021

Tíska



Bjargey Anna Guðbrandsdóttir hefur vart undan að taka við pöntunum á femínískum útsaumi. Hún saumar út þekkt slagorð og verkin hafa vakið mikla athygli.


→6

Íslensk hráefni fyrir þína liðaheilsu



**EYLÍF**

Heilsan er dýrmætust  
www.eylif.is



Inga Birna er hér í fótum sem hún hannaði og saumaði sjálf. Þau eru partur af útskriftarverkefni hennar úr LHÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tónlist og fatahönnun skarast í Blankiflur

Inga Birna Friðjónsdóttir er fatahönnuður sem nýlega fór að semja tónlist undir nafninu Blankiflur. Lagið Game kom út á dögnum en hún leggur nú lokahönd á sína fyrstu breiðskífu, Hypnopompic, sem kemur út í apríl. →2

## Framhald af forsiðu →

Sandra Guðrún  
Guðmundsdóttir  
sandragudrun@frettabladid.is



Inga Birna er fatahönnuður að mennt og segist alla tíð hafa verið að vinna að einhvers konar list þó að hún hafi ekki verið í tónlist mjög lengi.

„Ætli fatahönnun og tónlist skarist ekki þar sem imyndarsköpun listamannsins á í hlut. Fyrir mér er þetta spurning um að mála myndina mína alla. Upphaflega laðast ég að fatahönnun í framhaldsskóla vegna þess að hún er áþreifanleg og þrívíð. Ég elska að vinna í höndunum og vil helst fara tilraunakenndar leiðir og dansa á línunni þegar kemur að sköpunargleði versus klæðileika. Ég lærði einnig förðun í Airbrush&MakeUp School árið 2009 bara vegna þess að þar var verið að vinna með bodypaint og fantasíuförðun. Ég hef í rauninni í langan tíma ekki botnað almennilega í sjálfri mér vegna þess að ég hef flakkað á milli listgreina og forðast það eins og heitan eldinn að viðurkenna fyrir mér að ég sé mögulega bara listamaður og hér í þessari tilveru til að vera forvitin og skapa þennan heim sem býr í hausnum á mér.“

Inga Birna byrjaði í söngnámi árið 2016 og kláraði svo námskeið í lagasmíðum hjá Complete Vocal Studio á Íslandi árið 2018.

„Í kjölfarið kynntist ég Stebba og fór á flug með honum,“ segir Inga Birna.

Stebbi er Stefán Örn Gunnlaugsson pródúsent, en hann hefur verið að vinna með Ingu Birnu að plötunni.

„Ég sem megnið af lögunum og textunum á plötunni en hann leggur til allt undirspil og lögin verða því alltaf að skemmtilegu samvinnuverkefni. Hann útsetur lögin en ég sit með honum í stúdíóinu og útset með honum svo við erum mikið að vinna þetta saman,“ útskýrir Inga Birna.

„Ég var að gefa út fjórða lagið á plötunni minni núna um daginn en það heitir Game. Lagið er hress og aggressíft popp undir áhrifum frá hipphoppi. Þar erum við Stefán Örn að leika okkur með nokkrar stefnur.“

Platan Hypnopompic er væntanleg þann 23. apríl en hægt er að hlusta á þau lög sem þegar eru komin út á Spotify og YouTube.

„Þessi plata sem er að koma út er í rauninni algjör grautur. Ég er ekki beint að fylgja neinni stefnu annarri en hugmyndaflugsins míns. Ég vinn hvert lag út frá laginu sjálfu en ekki út frá þeirri stefnu sem ég vil halda mig við. Þetta er í raun algjör frumraun og tilraun til að átta mig á því hvernig listamaður ég er. En ég myndi flokka þetta sem tilraunakennt popp eða art popp,“ segir Inga Birna.

### Blankiflur upp á yfirborðið

Inga Birna semur tónlistina undir listamannsnafninu Blankiflur. Hún segir að með Blankiflur sé hún í raun að blanda saman sínum listræna heimi undir einni hatt sem gengur undir þessu nafni.

„Með tónlistinni kom vettvangur fyrir mig til að stíga fram sem þessi vera innan gæsalappa, Blankiflur, sem hefur aldrei fengið almennilega að komast upp á yfirborðið vegna þess að ég hef einfaldlega verið hrædd um hvernig henni yrði tekið. Ég hef ósjaldan mætt viðmótinu „þú ert skritin“ og ég var lítil í mér vegna þess alveg þar til ég fór að melta þá tilfinningu með músikinni minni þegar ég byrjaði að semja 2018. Þá fór ég að skilja heiminn minn betur



Inga Birna segir fatahönnunina tengjast tónlistinni. Að hanna fót og semja tónlist snýst um að mála alla myndina sína að sögn hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Inga Birna Friðjónsdóttir hefur prófað sig áfram með ýmis listform sem hún getur sameinað með verunni Blankiflur. MYND/BIRTA RÁN BJÖRGVINSDÓTTIR

og ég sé lög og tóna í litum sem kemur svolítið heim og saman við þessa þörf að fá að mála myndina alla. Í dag fagna ég orðinu skritin og öðruvísi, því þegar ég horfi til baka hef ég alltaf leitast eftir því að finna nýja hugmynd en ekki elta þær sem eru nú þegar til staðar. Ég myndi segja að hönnun mín endi yfirleitt mun tengdari búningahönnun en tisku, því kemur sér vel að hinn vinkillinn á minni sköpun felist að miklu leyti í því að standa á sviði og tjá mig í gegnum tónlist. Blankiflur er fatahönnun, tónlist og myndbönd. Hún er einhvers

konar sjónrænn og hljóðrænn heimur. Mig langar svo mikið að vinna með þetta stóra sem býr inni í mér og það er fínt að það sé Blankiflur sem gerir það. En svo er ég líka bara Inga Birna. Það er gott að klæða þetta í þannig búning,“ útskýrir hún.

### Fáum öll ljótar tilfinningar

Inga Birna segist koma að öllum hliðum sköpunarinnar á nýju plötunni.

„Ég hef ekki verið að hanna eða sauma mikið undanfarið en það stendur til. Þegar við tón-



Tónlistin er vettvangur fyrir Blankiflur til að stíga fram. MYND/ZOE RUTH ERWIN



Lagið Game er nýlega komið á Spotify og YouTube. MYND/ADSEND

listarfólkið fáum að koma fram þá stendur til að setja upp þennan heim hennar Blankiflur og skapa útlitið líka. Það er að sjálfsögðu markmiðið að halda útgáfutónleika en það er óljóst út af COVID. En ég er mjög spennt fyrir því að fá að byrja að koma fram,“ segir hún.

Þessa dagana vinnur Inga Birna að gerð tveggja myndbanda við lögin sín í samstarfi við tvo stráka sem starfa í kvikmyndagerð.

„Ég get í raun ekki lýst myndböndunum enda eru þau bara í vinnslu og ég er að gera mér grein fyrir möguleikunum sem felst í myndbandagerð. Ég er bara að skapa það sem er í hausnum á mér. Það verður bara að horfa á þau og sjá,“ útskýrir Inga Birna.

„Platan sjálf er viss úrvinnsla á árunum á milli tvitugs og þrítugs.

Ég var komin á stað þar sem ég þurfti að gera upp marga hluti eins og sambönd og spyrja sjálfa mig spurninga sem hafa legið á mér. Ég myndi segja að inngangurinn inn í öll lögin sé einhvers konar tilfinning á mismunandi stað á tilfinningarófinu.

Nýjasta lagið er í raun byggt á pirringi og reiði. Mér finnst mikilvægt sem manneskja að kanna allt litróf tilfinninganna. Þú ert kannski með ljóta tilfinningu og vilt forðast hana, en málið er að við fáum öll þessar ljóta tilfinningar. Ef við lærum ekki á þær, ef við náum ekki að bera kennsl á þær, þá getum við aldrei unnið með þær. Þannig að þetta nýjasta lag, Game, það er lag sem fjallar um ekki neitt sérstaklega fallegar tilfinningar. Þess vegna ákvað ég að taka þær og tífalda þær og setja inn í lag til þess að geta auðveldar borið kennsl á þessa tilfinningu þegar hún kemur upp í mér. Mögulega getur lagið gert það sama fyrir aðra, þá vil ég auðvitað í kjölfarið hvetja fólk til að skoða sjálfst sig en ekki fara að ana út í einhverja reiði gagnvart öðrum, þó þetta lag sé kannski samið um það. Óhamingjan byrjar og endar hjá okkur sjálfum. Það er svolítið þetta uppgjör og sjálfskodun sem ég er að vinna með á þessari plötu ásamt því að vinna með stórar og dýnamískar pælingar í útsetningum.“

Skoðið // [www.hjahrafnhildi.is](http://www.hjahrafnhildi.is)

# VOR 2021



*hjá*  
**Hjahrafnhildi**

Engjateigi 5 // 581 2141 // [hjahrafnhildi.is](http://hjahrafnhildi.is)

Þórdís Lilja  
Gunnarsdóttir  
thordisg@frettabladid.is



**B**reska sjarmatróllið David Gandy hefur lengi vermt topplistann yfir vinsælustu karlfyrirsætur heims. Hann hefur allan þakkann, eins og þar segir, býr yfir gamaldags karlmannlegum sjarma í fasi og framkomu og er með ómótstæðileg andlit sem tiskubransinn og heimurinn elskar að horfa á. David var árum saman andlit Dolce & Gabbana en hefur síðan unnið með stærstu merkjum í bransanum, þar á meðal Hugo Boss, Zara og H&M. David hannar líka sína eigin nærfata- og náttfátalínu.

Sean O'Pry trónar líka á topplistanum yfir karlfyrirsætur heimsins. Hann er hlédrægur Bandaríkja- maður, þekktur fyrir ísblá augu og áberandi augabrúnir. Sean þykir hafa fullkomið andlit fyrir tiskubransann og með ómótstæðilegum sjarma hefur hann landað ótal tiskuferðum, prýtt forsiður helstu tiskublaða og gengið tiskupallana fyrir frægustu tiskuhönnuðina. Hann hefur undanfarin ár vermt listann yfir launahæstu karlfyrirsætur heims enda unnið fyrir marga af þeim stærstu; svo sem Armani, Ralph Lauren, Calvin Klein.

Lucky Blue Smith er gríðarvinsælt módel, ekki síst hjá yngri kynslóðinni sem fylgir honum eftir á Instagram og getur lagt orð í belg við heillandi útlit hans, tiskumyndir og persónulegt líf. Lucky Blue er með stingandi ljósblá augu og ljóst, úfið hár, og minnir svolítið á eilífðar- töffarann James Dean. Hann þykir tignarlegur í framkomu, með óað-

# Tígulegir og tróna á toppi tiskuheimsins

Vinsælustu karlkyns ofurfyrirsætur tiskuheimsins eru fyrirmyndir karla um allan heim og eiga sameiginlegt að fanga athygli myndavéla og mannfólksins hvar sem er.

finnanlegan stil, gengur reglulega tiskupallana og hefur meðal annars unnið fyrir Calvin Klein, Tommy Hilfiger og Dolce & Gabbana.

Spænska fyrirsætan Jon Kortajarena er líka á toppnum. Hann varð andlit Cavalli átján ára og með það sama eftirsóttur innan tiskubransans. Í kjölfarið fékk hann vinnu hjá Versace, Armani, Diesel og fleiri virtum hönnuðum. Jon hefur einnig sést í kvikmyndum, sjónvarpi og tónlistarmyndböndum, enda sláandi karlmannlegur gaur með skarpa andlitsdrætti, há kinnbein og þykkar augabrúnir sem myndavélin elskar og heimurinn með.



Jon Kortajarena.



Sean O'Pry.



Við lífgum upp með litum í

Boel

Full búð af fallegum vor fatnaði frá RUNDHOLZ, STUDIOB3 og Klaes&Myras

Allir sem versla frá 4.-6. mars fá gefins varalit frá Antipodes sem gefur tóninn fyrir vorið



Boel

KÍKTU VIÐ HJÁ OKKUR Á ÓÐINSGÖTU 1, 101 REYKJAVÍK


Sími 8341809 [f](#) BOEL [t](#) boeliland

Opið virka daga 12-18 laugardaga 12-16

[www.boel.is](http://www.boel.is)



David Gandy.



Lucky Blue Smith.

PRADA

LUNA ROSSA

CARBON

THE NEW FRAGRANCE



PRADA ILMIRNIR NÚ AFTUR Á ÍSLANDI  
20% AFSLÁTTUR Á KRINGLUKASTI 4.-8. MARS

 Lyf & heilsa

# Harðorð slagorð á fínlegu handverki

Bjargey Anna Guðbrandsdóttir hefur vart undan við að taka við pöntunum á fémínískum út-  
saumi. Hún saumar út þekkt slagorð og verkin hafa vakið mikla athygli. Myndirnar eru misjafnar.

Fémínískur útsaumur Bjargeyjar Önnu Guðbrandsdóttur hefur vakið mikla athygli meðal vina og fjölskyldumeðlima undanfarna mánuði en hún deilir myndum af verkum sínum á samfélagsmiðlum. Þar fá meðal annars þekkt slagorð á borð við „Konur lifa ekki á þakklætinu“, „En þori ég, vil ég, get ég? Já ég þori, get og vil“, „Smash the patriarchy“, „Women belong in all places where decisions are being made“ að njóta sín auk skemmtilegra orðaleikja úr þekktum dægurlagatextum á borð við „Girls just wanna have funding for scientific researsch“.

Þrátt fyrir nýfengna athygli segist hún vera nýgræðingur í saumaskapnum. „Ég byrjaði fyrir tilviljun í október á síðasta ári. Systurdætur mínar voru að sauma út jólapúða sem ég kláraði þegar þær misstu áhugann og þá fann ég hvað ég hafði gaman af saumaskapnum. Ég hafði ekki saumað út síðan í grunnskóla en oft langað til að gera eitthvað í höndunum. Þarna fann ég loks handavinnu sem hentaði mér og byrjaði á dúllulegri jólamynd en fann strax að mig langaði ekki að sauma út hefðbundnar myndir.“

## Finlegt og ósvífið

Það sem henni finnst skemmti-



Bjargey Anna Guðbrandsdóttir saumar út skemmtilegar fémínískar myndir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



#feministcrossstitch, og leitaði að uppskriftum út frá þeim. „Ég byrjaði bara að gúggla og fyrsta settið sem ég pantaði var „Smash the Patriarchy“. Í framhaldinu pantaði ég mér bókina Feminist Cross-stitch sem inniheldur fjölmargar uppskriftir með fémínískum slagorðum á ensku.“

## Hugmyndir úr öllum áttum

Það er misjafnt hvernig hugmyndavinnan fer fram. „Stundum finn ég bara uppskrift með flottu slagorði og sauma það út. En svo langar mig líka að sauma á íslensku og þá hef ég leitað að slagorðum úr íslenskri kvenna-  
baráttu. Ég hef notað munstur úr Feminist Cross-stitch sem bakgrunn og útfært slagorðin á íslensku í stað þeirra ensku. Núna er ég að skoða gömul íslensk munstur og er að vinna að mynd úr því og setningunni „Engin hornkerling vil ég vera“ úr Njálu. Svo finnst mér gaman að sauma út orðatiltæki sem vinir og fjölskylda nota og segja dagsdaglega en eru ekki endilega skrifuð niður neins staðar. Þannig verður útsaumurinn persónulegri.“

## Frábærar viðtökur

Viðtökurnar hafa að hennar sögn verið frábærar eftir að hún hóf að birta myndir af saumaskapnum á samfélagsmiðlum.

„Vinkonur og kunningjakonur fóru mjög fljótlega að spyrjast fyrir um myndir og núna hef ég varla undan. Mér finnst skemmtilegast að eiga hannyrðaskipti en ég hef bæði saumað mynd fyrir vettlingapar og mynd fyrir húfu og kraga. Þannig lifir hannyrðahagkerfið góðu lífi.“

Sjálf er Bjargey sveitastelpa að eigin sögn sem hefur búið í borginni meira en hálfa ævina. „Ég er menntuð í líffræði og stjórnum og hef unnið í Háskóla Íslands í tíu ár. Þótt ég búi ein á ég risastóra fjölskyldu úti á landi og í útlöndum, elska að ganga á fjöllum, bæði á eftir kindum og mér til ánægju og yndisauka.

Ég ligg í leti á milli þess sem ég kem hlutunum í verk en ég tók meðal annars þátt í stofnun Samtaka kvenna í vísindum og aðstoðaði nýlega við að koma Hinsegin Vesturlandi á laggirnar.“



Hér má sjá sýnishorn af þeim myndum sem Bjargey hefur saumað.





## Flottar skyrтур

Verð 9.900 kr.  
Stærð 36 - 46.

Kikið á myndir og verð á Facebook

black pepper

FASHION  
Laugavegi 178 | Sími 555 1516  
Opíð: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 12-16




**Sandgaard Basic Hlýrabolur**  
með mjóum hlýra. Fæst í svörtu og hvítu. Stærðir 38-54  
Verð kr. 4.980

**Sandgaard Basic Undirkjöll**  
Fæst í svörtu og hvítu  
Stærðir 38-54  
Verð kr. 4.980

**Sandgaard Basic Undirkjöll**  
með breiðum hlýra  
Fæst í svörtu og hvítu. Stærðir 38-54  
Verð kr. 4.980

**Sandgaard Basic - Stockholm,**  
síð skyrta. Fæst í svörtu, hvítu og ljósbláu. Stærðir 36-54  
Verð kr. 12.980

**Sandgaard Basic Síður hlýrabolur**  
Fæst í svörtu og hvítu  
Stærðir 36-54  
Verð kr. 4.980




**Sandgaard Basic - New York**  
stuttur aðhalds hlýrabolur  
Fæst í Svörtu og húðlituðu  
Stærðir 38-56. Verð kr. 4.980

**Sandgaard Basic Hneppt golla**  
Fæst í svörtu, navybláu og rauðu  
Stærðir 36-54  
Verð kr. 9.980

**Sandgaard Basic - Helsinki**  
síð golla fæst í svörtu  
Stærðir 36-54  
Verð kr. 13.980

**Sandgaard Basic hálf síðar leggings**  
Fæst í Army grænu  
Stærðir 38-54  
Verð kr. 4.980

**Sandgaard Basic stretchbuxur**  
Fæst í Svörtu og navybláu  
Stærðir 38-54  
Verð kr. 7.980



**Sandgaard Basic - New York leggings**  
Fæst í svörtu  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 6.980

**Sandgaard Basic - Pleðurbuxur**  
Fæst í svörtu  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 9.980

**Sandgaard Basic**  
Útvíðar buxur Fæst í svörtu  
Stærðir 38-54  
Verð kr. 9.980

**Sandgaard Basic Stuttermabolur**  
Fæst í svörtu, navybláu, hvítu og Army grænu  
Stærðir 36-54. Verð kr. 3.980

**Sandgaard Basic Hlýrabolur**  
með mjóum hlýra Fæst í svörtu og hvítu  
Stærðir 38-54  
Verð kr. 4.980

Verstunin Belladonna

**belladonna**

Lítu við á  
[belladonna.is](http://belladonna.is)

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

# Húðflúr sjaldan verið vinsælla

Húðflúr virðist vera orðið stór hluti af nútíma menningu. Fræga fólk er ekki undanskilið þegar kemur að því að skreyta líkamann með listrænum hætti. Það er þó misjafnt hversu mikið meistaraverk verður til með húðflúri.

Elín  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



**H**úðflúr geta verið lítið eða stór listaverk á líkamanum. Sumir eru þaktir húðflúri svo varla sést lengur í venjulega húð. Oft hefur húðflúrið einhverja sögu að segja en hjá öðrum er bókstaflega heilt meistaraverk á líkamanum. Við fundum nokkrar myndir af vel skreyttum karlmönnum en konur eru ekki síður með húðflúr. Rihanna, Lady Gaga, Angelina Jolie, Scarlett Johansson, Miley Cyrus og margar fleiri hafa fengið sér minni eða stærri húðflúr.

Húðflúrtískan er síður en svo í rénun, hefur reyndar sjaldan verið vinsælli. Húðflúrin eru upphaflega sögð komin frá frumbyggjum en oft voru þau gerð af trúarástæðum.



**Áhrifavaldurinn Chris Lavish hefur meira en 33 þúsund fylgjendur á Instagram og hefur verið vinsæll sem módel í New York þrátt fyrir yfirgengilegar húðskreytingar. Chris er með mikla ástriðu fyrir húðflúri og hefur sagt sögur af þeim í viðtölum bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi.**



**Alex Sacha er þekktur húðflúri og þykir gera einstök listaverk á fólk, sérstaklega er hann fær í víkingatattú. Með honum er Jessica Alexandra Betancourth.**  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY

Má telja víst að húðflúr hafi verið gerð í meira en 5.000 ár. Húðflúr hafa greint á elstu mannvistarleifum.

Húðflúriðnaðurinn er alltaf að vaxa og sífellt eru gerðar meiri kröfur til listrænna hæfileika húðflúrara. Í raun eru engin takmörk fyrir því hvað fólk vill skreyta sig með á líkamanum. Sagt er að húðflúrstofa hafi verið til í Jermyn Street í London á níunda áratugnum sem var lúxus tiskuhverfi. Var hún sögð þjóna yfirstéttinni.

Hér áður fyrr voru engu að síður nokkrar fordómar gegn húðflúri. Japanir merktu til dæmis fanga með húðflúri. Þá munu nasistar hafa notað húðflúr í síðari heimsstyrjöldinni til að merkja fólk með tölum.

Vinsældir húðflúrs í dag eru ekki síst vegna þess hversu margar opinberar persónur hafa skreytt líkama sinn, má þar nefna stjörnur í Hollywood og heimsfræga knattspyrnumenn og þá til dæmis David Beckham. Körfuboltastjörnur í Bandaríkjunum hafa sömuleiðis verið duglegar að skreyta sig.



**Colson Baker, betur þekktur sem Machine Gun Kelly (MGK), er bandarískur söngvari, rappari, lagahöfundur og leikari. Hann hefur gefið út nokkrar plötur auk þess að leika í kvikmyndum. Hann byrjaði söngferil sinn á unglingsárum og veður jafnan athygli þar sem hann kemur.**

**YOU ARE WHAT YOU WEAR**

**30% AF VÖLDUM VÖRUM**

**Levi's**

**LEVI'S SMÁRALIND & LEVI'S KRINGLAN**



**Luigi Favoloso, ítalskur leikari og fyrirsæta, þykir einstakur sjarmör. Hér er hann mættur á kvikmyndahátíð í Feneyjum síðastliðið haust.**



**AJ McLean er bandarískur söngvari, lagahöfundur leikari, dansari og fyrirsæta. Hann söng með Backstreet Boys og veður oft athygli fyrir litríkt húðflúr.**



**Þetta húðflúr af körfuboltahefjunninni Kobe Bryant og dóttur hans Gianna ber sannur aðdáandi leikmannsins. Hann lét húðflúra sig eftir að feðginin fórust í hörmulegu flugslysi í janúar í fyrra. Ekki kemur fram nafn mannsiná myndinni.**



**Söngvarinn Justin Bieber hefur fagurlega skreyttan líkama og er ekkert að fela það.**





TRAUST Í 80 ÁR



Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



Mörg þúsund tonn af textíl enda á hauginum á hverju einasta ári. Það er mikil eftirspurn eftir sjálfbærari og lífbrjótanlegum efni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Ný efni úr sveppaþráðum

Framleiðsla er hafin á nýjum gerðum af textíl úr sveppaþráðum sem er hægt að nota til fata-gerðar. Vonast er til að slík efni verði lífbrjótanleg og betri fyrir umhverfið en hefðbundin efni.

Oddur Freyr Þorsteinsson  
oddurfreyr@frettabladid.is



Ákveðin fyrirtæki eru farin að nýta sveppaþræði til að búa til efni sem gætu hugsanlega komið í staðinn fyrir leður og silki. Þessi efni eru ekki enn komin á almennan markað, en þessir framleiðendur eru að sýna að efni sem eru gerð út sveppaþráðum geta verið endingargóð og hafa minna kolefnisfótspor en mörg önnur efni.

Fjallað var um þessa framleiðendur í ítarlegri grein á vefsíðu The Washington Post síðasta haust. Þar kom fram að samkvæmt Sameinuðu þjóðunum er tiskuiðnaðurinn næstmest mengandi iðnaðurinn, á eftir olíu-iðnaði. Tiskuiðnaðurinn notar gríðarlegt magn af vatni og er ábyrgur fyrir 10% af allri kolefnislosun í heiminum, sem er meira en allt alþjóðaflug og skipaflutningar samanlagt.

Vandamálið hefur líka versnað mikið þökk sé ódýrum, fjölda-framleiddum flikum sem eru oft lítið notaðar áður en þær enda á ruslahaug. Árið 1960 hentu Bandaríkjamenn 1.710 tonnum af textíl í landfyllingar en árið 2017 var sú tala komin upp í 11.150 tonn. Fyrir vikið er mikil eftirspurn eftir sjálfbærari efnum.

## Alveg ný efni

Fyrirtækið MycoWorks var



Mylo er efni sem líkir eftir leðri en er framleitt úr sveppum og geri. MYND/BOLTTHREADS.COM

stofnað árið 2013. Þar er landbúnaðarúrgangur nýttur til að fæðra sveppategund sem étur við til að fá hana til að mynda sveppaþræði sem er vandlega stjórnað. Með því að stjórna hitastigi, raka-stigi og öðrum umhverfispáttum er hægt að koma í veg fyrir að sveppir myndist og fá sveppaþræðina til að vaxa þannig að þeir myndi trefja-blöð. Varan sem verður til er kölluð Reishi og það er hægt að vinna þetta efni eins og leður.

MycoWorks segir að prófanir hafi sýnt að Reishi sé sterkara en leður og jafn endingargott og eins í útliti. Þannig að þarna er komið



Stella McCartney sýndi tenniskjól sem var gerður úr Microsilkk árið 2019. MYND/BOLTTHREADS.COM

nýtt efni sem er hægt að nýta til að framleiða fót, sem gæti verið gott fyrir umhverfið.

Vonin er sú að þegar sveppaflík hættir að vera gagnleg sé hægt að endurnýta hana með því að láta sveppina éta hana aftur. Framleiðendurnir segja að Reishi sé lífbrjótanlegt undir réttum aðstæðum en að það sé undir vörumerkjum sem kaupa Reishi komið að tryggja að því sé fargað á ábyrgan hátt.

Bolt Threads er annað svipað fyrirtæki, sem var stofnað árið 2009. Þar eru lífræn efni notuð til að fæðra ger og sveppi sem umbreyta þeim svo í efni sem fyrirtækið



Þessi gullkjöll er úr Microsilkk-efninu og var til sýnis á Nútímalistasafninu í New York. MYND/BOLTTHREADS.COM

notar til að framleiða efnið Microsilkk, sem líkir eftir kóngulóarsilki, og Mylo, sem er „leðrið“ þeirra.

Leðurframleiðendur benda samt sem áður á að það sé óheildarlegt af fyrirtækjum sem framleiða staðgengla leðurs að halda því fram að þessi efni geti bjargað lífi dýra eða unnið gegn loftslagsbreytingum. Talsmenn leðuríðnaðarins í Bandaríkjunum segja ekki senda eitt einasta dýr í slátrun og að einfaldlega sé verið að nýta skinn af dýrum sem er lógað til mannelis og myndi annars enda á hauginum. En þeir viðurkenna líka að vinnslu leðurs fylgi mikil mengun.

» Vonin er sú að þegar sveppaflík hættir að vera gagnleg sé hægt að endurnýta hana með því að láta sveppina éta hana aftur.

## Arðbær bransi

Fjárfestar hafa eytt milljónum dollara í þessi lífrænu textílefni. MycoWorks hefur safnað tugum milljóna dollara í fjármögnun og er að opna aðra verksmiðju til að auka framleiðslugetuna. Í tiskuvíkunni í New York á seinasta ári var Reishi frumsýnt og fyrirtækið sækist eftir frekara samstarfi við tiskuhönnuði.

Bolt hefur fengið yfir 200 milljón dollara fjármögnun en hefur farið varlega inn á markaðinn á síðustu árum. Fyrirtækið hefur selt örfáar vörur í takmörkuðu upplagi á háu verði og þær hafa selst upp mjög hratt, því eftirspurnin er mikil.

Stella McCartney, sem notar engar dýraafurðir í vörur sínar, sýndi tenniskjól sem var gerður úr Microsilkk og veski úr Mylo árið 2019, en hvorugt var til sölu. Nútímalistasafnið í New York sýndi líka gullkjól úr Microsilkk-efninu á sýningu árið 2017. Efnin frá Bolt eru eingöngu seld til vörumerkjanna Stella McCartney, Adidas, Kering og lululemon en vörur úr Mylo fara í almenna sölu á þessu ári.



20% afsláttur af ÖLLUM tösukum!

20% afsláttur af hlýrabólum!

# KRINGLU **KAST**/GLERAR **HLAUP** ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

af völdum vörum dagana 4-8. mars

Kringlan - Glerártorg - ZIKZAKVERSLUN.IS

ZIKZAK  
TÍSKUNÚB



Bolur  
3.992,-  
Áður 4.990,-  
S-XXXL



Kjöll  
5.592,-  
Áður 6.990,-  
S-XXXL



Kjöll  
1.990,-  
Áður 5.990,-  
S-XXXL



Kjöll  
6.392,-  
Áður 7.990,-  
S-XXXL



Kjöll  
3.990,-  
Áður 6.990,-  
S-XXXL



Kjöll  
1.990,-  
Áður 5.990,-  
S-XXXL



Bolur  
2.495,-  
Áður 4.990,-  
S-XXXL



Kjöll  
3.990,-  
Áður 6.990,-  
S-XXXL



Jakki  
9.990,-  
Áður 12.990,-  
38-50



Peysa  
5.592,-  
Áður 6.990,-  
S-XXXL



Jakki  
11.992,-  
Áður 14.990,-  
42-56

FRÍ HEIMSENDING

þegar verslað er fyrir 7.000,- eða meira

WWW.ZIKZAKVERSLUN.IS

# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Þjónusta

### Bókhald

#### FRAMTALSADSTOD - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjóðum einstaklingum framtals- aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörspjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma  
8548080/5168080  
retta.is  
olafur@retta.is



HSE Bókhald  
& Uppgjör slf  
Skattframtöl, Bókhald,  
Vsk. & launauppgjör,  
Ársuppgjör,  
Ódýr og góð þjónusta  
www.hsebokhald.is  
hsebokhald@hsebokhald.is  
Sími: 6926910

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,  
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra  
stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj.  
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is  
flytja@flytja.is

### Meindýravarnir

#### Vantar þig meindýraeyðir?

Sé um öll smærri og stærri verk, eyðingu sem og ráðgjöf.

Upplýsingar í síma 780 4481.

Er með öll tilskilin leyfi.  
Cultus/Jóhann

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### REGNBOGALITIR.IS

Málningarþjónusta Við málum og spórslum hús og mannvirki innan sem utan. Við háþrýstipoum, vatnsverjum og styrkjum steiningu og sjónsteypu. Við erum vandvirkir fagmenn með mikla reynslu. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

### Múrarar

Get bætt við mig flisalögnum og múrvinnu, 20 ára reynsla. Uppl. í s. 866 3300

### Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Spádómar

#### Nympha-dora

Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan  
VISA 562 8211 EURO

### Húsaviðhald



Rúnar Múrarar ehf  
S - 780 - 28 38

Tröppuviðgerðir - Húsaviðgerðir  
- Pakmálun - Málningarvinna - o.m.fl.  
https://runarmurari.is

### PROSTONE

- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga,  
fyrirtæki og húsfélög

519 7780  
prostone@prostone.is

### HELLULAGNIR

Ásgarðar tekur að sér allar almennar hellulagnir. Erum að taka niður pantanir fyrir sumarið. Áralöng reynsla vönduð vinnubrögð Gerum tilboð að kostnaðarlausu Email: hellulogn@gmail.com S. 898 6085 og S. 848 6564



### FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilrar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Nudd

#### NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Einkamál



DEIT.IS  
STEFNUMÓTASÍÐA

Finndu félagsskap fyrir framtíðina. 30 daga áskrift kostar aðeins 999 kr.

### Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS  
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

### WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

### Skipulagssvið Akureyrarbæjar



## Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 - Heilsugæslustöðvar

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar hefur þann 19. janúar 2021 samþykkt að auglýsa breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu.

Breyting er gerð á svæði milli Byggðavegar, Þingvallastrætis, Þórunnarstrætis og Hrafnagilsstrætis sem verður skilgreint sem miðsvæði þar sem m.a. verður gert ráð fyrir byggingu heilsugæslu auk íbúðabyggðar til viðbótar við starfsemi sem er á svæðinu. Þá er gerð breyting á ákvæðum íbúðasvæðis merkt IB19 sem felur í sér að heimilt verður að byggja heilsugæslu á lóð nr. 20 við Skarðshlíð auk íbúða á efri hæðum. Tillagan er birt á heimasíðu bæjarins: www.akureyri.is – neðst á forsíðu undir: *Auglýstar skipulagstillögur*

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 miðvikudaginn 21. apríl 2021 og skal athugasemdir skilað skriflega til skipulagssviðs Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð eða með tölvupósti (skipulagssvid@akureyri.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram.

Persónuupplýsingar sem fylgja athugasemdum við skipulag, s.s. kennitala, nafn og netfang eru aðeins nýttar í þeim tilgangi að vinna úr athugasemdum og auðkenna sendanda.

Sjá nánar um meðferð persónuupplýsingar hjá Akureyrarbæ https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/personuverndarfulltrui

Athugasemdir teljast til opinberra gagna. Vakinn er athygli á því að nöfn þeirra sem senda athugasemdir koma fram í fundargerðum skipulagsráðs sem eru birtar á heimasíðu Akureyrarbæjar.

Sviðsstjóri skipulagssviðs



Akureyrarbær  
Skipulagssvið

Geislagata 9 Sími 460 1000 www.akureyri.is akureyri@akureyri.is



## AUGLÝSING Um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Grænuborgar

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 24. febrúar 2021 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Grænuborgar, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í breytingunni felst m.a. að; Lóðarmörkum, byggingarreitum og aðkomum að lóðum við Grænuborg 2-16 er breytt. Hámarksfjöldi íbúða í fjölbýlis- eða raðhúsum innan nokkurra lóða og byggingarreita við Hrafnaborg breytist. Innan byggingarreita á lóðum við Hrafnaborg 7, 9, 10, 11, 12 og 13 er sú breyting gerð að heimilt verður að byggja fjölbýlis- eða raðhús á 1-2 hæðum en áður var aðeins heimilt að byggja á tveimur hæðum. Skilmálum fyrir fjölbýlishús eða raðhús á tveimur hæðum (E) er breytt á þann hátt að í stað þess að hús verði öll með flötu þaki og 8,0 m hámarkshæð er mögulegt að hafa hús með flötu þaki og 7,0 m hámarks- hæð eða hallandi þak og þá verður hámarkshæð 8,5 m. Skilmálum fyrir fjölbýlishús á fjórum hæðum (F) er breytt á þann hátt að í stað þess að hús verði öll með flötu þaki og 13,5 m hámarkshæð er mögulegt að hafa hallandi þak og þá verður hámarkshæð 15,0 m. Heildarfjöldi íbúða á skipulagssvæðinu var í gildandi deiliskipulagi 269 en verður skv. breytingu á deiliskipulagi 303.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, lóndal 2, 190 Vogum frá og með föstudeginum 5. mars 2021 til og með föstudagsins 16. apríl 2021. Tillagan er einnig aðgengileg á vef Sveitarfélagsins Voga, www.vogar.is/Skipulag/Skipulag\_i\_kynningu/.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skila skal skriflegum athugasemdum til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, lóndal 2, 190 Vogar eða á netfangið skrifstofa@vogar.is eigi síðar en föstudagsinn 16. apríl 2021.

Vogum, 4. mars 2021  
Asgeir Eiríksson  
Bæjarstjóri

### Njálsgata 58

101 Reykjavík

**PANTID SKOÐUN**  
hjá Gunnari í síma 899 5856

**Vel skipulagt 75 fm sjarmerandi einbýlihus á tveimur hæðum**

- Rúmgóð stofa, hol og eldhús
- Á annari hæðinni er miðrymi, tvö svefnherbergi og baðherb.
- Snyrtilegur hellulagður sérgarður er bakvið húsinn
- Um er að ræða eign með mikla möguleika í hjarta miðbæjarinnar

Verð: **50 millj.**

Nánari upplýsingar:  
Gunnar S. Jónsson  
lökk. fasteignasali  
sími: 899 5856  
gunnar@miklaborg.is

**MIKLABORG** 569 7000 • Lág múla 4 • miklaborg.is  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggitir fasteignasalar

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

## LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.  
Metum ástand og gerum við.  
www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com




## Varahlutir í VOLVO Vinnutæki



Vertu vinnu okkar á Facebook  
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

## ER BÍLSÆTID RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótörhjóta og snjósleðasæti. Húsbilaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fjóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

### Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is